



## Grundarfjarðarbær

### Erindisbréf Öldungaráðs Grundarfjarðar

*Öldungaráð Grundarfjarðar var stofnað árið 2015. Tilgangur ráðsins er að vera tengiliður milli bæjaryfirvalda og aldraðra með það að markmiði að þjónusta við þennan hóp verði eins góð og kostur er hverju sinni.*

#### 1. Skipan

Öldungaráð er skipað af bæjarstjórn Grundarfjarðar, þrír aðalfulltrúar og þrír til vara. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Skipunartími ráðsins er kjörtímabil sveitarstjórnar.

#### 2. Starfsemi

Að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum og skipun í öldungaráð boðar bæjarstjóri til 1. fundar ráðsins. Ráðið kys sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi. Öldungaráð skal funda eftir þörfum þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári og taka til umfjöllunar þau málefni sem hafa sérstaka þýðingu fyrir eldri borgara. Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fram í bæjarstjórn Grundarfjarðar.

#### 3. Ráðgjafarhlutverk og samráð

Hlutverk öldungaráðs og tilgangur er að gæta hagsmuna eldri borgara í Grundarfirði og vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni eldri borgara. Ráðið skal hafa sem víðtækast samráð við aðila sem láta málefni aldraðra til sín taka, eins og Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, stjórn félags eldri borgara, fagfólk heilsugæslustöðvarinnar og stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Fellaskjól.

#### 4. Ábendingar og umsagnir

Öldungaráð starfar í samræmi við hlutverk þjónustuhóps aldraðra og starfar samkvæmt 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Öldungaráð getur komið ábendingum til bæjarstjórnar um allt það sem betur kann að fara er varðar málefni eldri borgara í bæjarfélaginu. Bæjarstjórn skal leita eftir umsögn öldungaráðs varðandi málefni er snúa að hagsmunum og aðstæðum eldri borgara í bæjarfélaginu.

#### 5. Starfsaðstaða

Bæjarstjórn Grundarfjarðar skal leggja öldungaráði til fundaraðstöðu.

## **Gildistími**

Erindisbréf þetta hefur verið lagt fram í bæjarstjórn og samþykkt þar 14. janúar 2016.

Þorsteinn Steinsson  
Bæjarstjóri  
Grundarfirði